

[BBjörgvin Guðni Sigurðsson](#)

Umsögn birt **26.01.2026**

Varðar: Tryggvagata 36 - Deiliskipulagsbreyting

Undirritaður er eigandi fasteignarinnar Sigtún 34, Selfossi.

Í uppfærðri tillögu sem auglýst var í Lögbirtingablaði þann 15. desember 2025 er að nokkru leyti komið til móts við andmæli sem undirrituður sendi inn í október 2025. Enn stendur þó að eftir sem áður á að byggja 3 hæða fjölbýlishús á lítilli lóð ofan í lágreista byggð húsa á einni hæð og við þunga umferðargötu í nágrenni við Fjölbautaskóla Suðurlands, grunnskóla og íþróttamannvirki.

Breytt deiliskipulagstillaga gerir enn ráð fyrir því að reist verði þriggja hæða fjölbýlishús á lóðinni að Tryggvagötu 36 sem undirritaður telur vera í verulegu ósamræmi við nærliggjandi byggð.

Tekið er undir athugasemdir og ábendingar íbúa í Sigtúni 31, sem verða fyrir lang mesta tjóninu af fyrirhugaðri þriggja hæða fjölbýli, þar sem þau segja í athugasemd við tillöguna:

"Þó byggingarreitur hafi verið færður innan lóðarinnar er leyfileg hæð fjölbýlishússins og nálægð við lóðarmörk enn með þeim hætti að af svölum er mögulegt að horfa inn á sólpall og stofuglugga á húsi mínu að Sigtúni 31."

Mun ásættanlegri lausn væri að sveitarfélagið gengi til samninga við verktakann sem keypti lóðina af því, drægi úr byggingarmagni og lækkaði bygginguna í tvær hæðir. Þar með væri byggingarmagn ásættanlegra með tilliti til nærliggjandi húsa, umferðarpunga á Tryggvagötu, þar sem mikil fjöldi barna og ungmenna er á ferðinni og hverfisins alls.

Björgvin G. Sigurðsson, Sigtúni 34.